# STÓL

STARFSMANNAFÉLAG
ÓLAFSFJARÐAR
Bylgjubyggð 51 · Ólafsfirði
Sími 466 2354 / 466 2245 · Fax 466 2445
19. maí 1983

12. April 1996

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1400
komudagur 15/4 1996

Nefndanefnd Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Starfsmannafélag Ólafsfjarðar, STÓL, hefur farið yfir og skoðað frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ódagsett og fylgdu með bréfi dags. 21. mars 1996, undirritað af Guðjóni Rúnarssyni.

Starfsmannafélag Ólafsfjarðar mótmælir þeirri gerræðislegu ákvörðun ríkistjórnarinnar að leggja fram umrætt frumvarp í andstöðu við vilja og án þátttöku launafólks í landinu og krefst þess að ríkisstjórnin dragi frumvarpið til baka. Það er ekki til þess fallið að skapa traust eða velvilja milli samningsaðila svo stuttu fyrir næstu samningagerð, að kasta fram slíkri sprengju sem þetta frumvarp og vinnubrögðin við gerð þess eru.

Starfsmannafélag Ólafsfjarðar harmar þá stefnu sem ríkistjórn Íslands hefur tekið í málefnum launafólks og þá sérstaklega sinna eigin launþega og vonar í lengstu lög að hið háa Alþingi hafi manndóm og vilja til þess að fella þessi frumvörp ef þau verða ekki dregin til baka.

Að öðru leiti vísast til umsagnar stjórnar BSRB um framangreint frumvarp.

Með vinsemd og virðingu
f.h. STÓL

Guðbjörn Arngrímsson
formaður